

**200. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
5. október 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2207082 - Íslenskar æskulýðsrannsóknir**

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála fer yfir niðurstöður úr fyrirlögn Íslensku æskulýðsrannsókninni á Akranesi.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Heiðrúnu fyrir greinargóða kynningu.*

Heiðrún víkur af fundi.

**2. 2204124 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur 2022-2026**

Erindi frá ÍA varðandi áherslur sem þarfust endurskoðunar og/eða umræðu í tengslum við samning Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness.

*Steinar Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs, Hrönn Ríkharðsdóttir, formaður ÍA og Daniel Sigurðsson Glad, forstöðumaður íþróttamannvirkja sitja fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar Hrönn og Daniel fyrir kynningu á óskum og áherslum Íþróttabandalags Akraness í samræmi við ákveði samnings þar sem gert er ráð fyrir árlegu samráði um breytingar. Ráðið leggur til að óskirnar verði teknar til skoðunar í tengslum við fjárhagsáætlunargerð.*

Steinar, Hrönn og Daniel yfirgefa fundinn.

**3. 2008156 - Leikskóli Skógarverfi, Asparskógar 25 - hönnun, jarðvinna, húsaleigusamningur og ýmsir samningar (frjáls skráning)**

Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri á umhverfis- og skipulagssviði kemur inn á fundinn undir þessum lið og fer yfir framvindu í byggingu nýs leikskóla við Asparskóga.

*Ásbjörn Egilsson kynnir stöðuna í byggingu leikskólans. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir að rými fyrir elstu börnin verði tilbúið í þriðju viku í október og starfsemi geti hafist í vikunni 24.-28. október.*

*Áfram er gert er ráð fyrir að allur leikskólinn að utan norður hluta efri hæðarinnar verði tilbúin til notkunar janúar 2023.*

*Suður hluti lóðarinnar verður tilbúinn í um miðjan október og restin af lóðinni fyrir áramót.*

Ásbjörn víkur af fundi.

#### 4. 2110009 - Innanbæjarstrætó

Fyrirhugað er að hefja akstur frístundastætós á Akranesi á næstu vikum. Skóla- og frístundaráð lagði til að skoðað yrði fyrirkomulag gæslu í bílunum á álagstínum.

*Björn Breiðfjörð Gislason, verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði situr fundinn undir þessum lið.*

*Til að gera sem flestum börnum- og ungmennum kleift að nýta frístundastrætó til iðkunar íþrótt- og tómstundastarfs telur skóla- og frístundaráð mikilvægt að gert sé ráð fyrir viðveru starfsmanns til m.a. að aðstoða yngstu börnin í að nota strætó. Viðvera þessi verði á álagstínum frá kl. 13:30-15:45 á starfstíma grunnskólanna. Skóla- og frístundaráð samþykkir að visa málinu til bæjarráðs þar sem óskað er eftir viðauka kr. 1.000.000,- til að mæta kostnaði við viðveru starfsmanns í frístundabílum fram til 19. desember 2022 og að gert verði ráð fyrir kostnaði vegna viðveru við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023. Sviðsstjóra er falið að vinna að nánari útfærslu.*

*Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á að akstur frístundastrætós hefjist sem fyrst þrátt fyrir að skipulögð viðvera starfsmanna í bílunum sé ekki tilbúin. Ráðið tekur undir bókun bæjarráðs um nauðsyn þess að kynna verkefnið vel fyrir öllum hagaðilum.*

Björn víkur af fundi.

#### 5. 2201006 - Fundargerðir 2022 - menningar- og safnanefnd

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

*Fundargerðir lagðar fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**

Þóra Þórssdóttir
   
 Einar Brundsson
   
 Jónina Margrét Sigmundsdóttir
   
 Dagný Hauksdóttir